

Fundargerð:

Samstarfsnefnd Dalabyggðar og Húnaþings vestra

Samstarfsnefnd Dalabyggðar og Húnaþings vestra kom saman til 2. fundar þann 16. júlí 2025 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu:

- Ingibjörg Þóranna Steinudóttir frá Dalabyggð
- Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Dalabyggð
- Magnús Eðvaldsson, Húnaþingi vestra
- Magnús Magnússon, Húnaþingi vestra
- Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra
- Jón Hrói Finnsson, KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir frá KPMG sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Verklag starfshópa

Samþykkt að skipa starfshópa um Rekstur, Fjölskyldumál og Byggðarþróun samskvæmt tillögu ráðgjafa KPMG. Vinnustofa verði haldin með starfshópum og lagt til að dagsetning verði þann 26. ágúst 2025 kl. 16:30, eða 19. ágúst til vara. Staðsetning verði ákveðin þegar nær dregur.

2. Skipun starfshópa

Ráðgjafar útbúa grunn að yfirliti yfir þátttakendur sem gert verður aðgengilegt nefndarmönnum á Teams-svæði samstarfsnefndar. Fulltrúar gera tillögur að mönnun starfshópa í skjalið sem ræddar vera á næsta fundi.

3. Annað

BBÞ fer yfir tilkominn kostnað vegna þjónustu KPMG vegna ráðgjafar við ferlið við sameiningarviðræður.

KPMG mun óska eftir verðtilboði vegna upplýsingasíðu fyrir verkefnið frá vefþjónustuaðilum sveitarfélaganna. Notast verður við samfélagsmiðlasíður sveitarfélaganna vegna kynningar á verkefninu.

Næsti fundur verði haldin 30. júlí nk. kl. 15:00.

Fundi slitið kl. 16:06